

## Fundargerð

Miðvikudaginn 09. júní 2021 kl. 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

### 1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar nr. 376 samþykkt.

### 2. Bréf til Vopnafjarðarhrepps

Lagt fram drög að bréfi til Vopnafjarðarhrepps. Í bréfinu kemur fram að fjárhagsstaða Vopnafjarðarhrepps sé erfið og leggur nefndin til að sveitarfélagið ráði sér utanaðkomandi ráðgjafa til að yfirfara fjárhagsstöðuna og rekstur sveitarfélagsins og komi með tillögu til úrbóta.

Eftir yfirferð var samþykkt að senda bréfið til Vopnafjarðarhrepps.

### 3. Skaftárhreppur – framlag vegna fjárhagserfiðleika

Lagt fyrir bréf frá Skaftárhreppi, dags. 26. maí 2021, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem óskað er eftir framlagi vegna fjárhagserfiðleika, ásamt gögnum um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Fram kemur í bréfinu að Skaftárhreppur hafi fundið verulega fyrir samdrætti vegna tekjufalls í kjölfar kórónufaraldursins og sér sveitarfélagið fram á lausafjárskort. Jafnframt er nefnt að sveitarfélagið fékk ekki framlag vegna fjárhagserfiðleika sem var úthlutað í lok árs 2020 þar sem skuldahlutfallið í A-hluta var undir 50% árið 2019.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að óska eftir frekari skýringum um stöðuna á handbæru fé, aukin launakostnaðar umfram fjárhagsáætlun og fyrirhugaðar lántökur.

### 4. Árborg

Farið yfir ársreikning 2020 ásamt skýrslu endurskoðanda. Samkvæmt ársreikningi er neikvæð afkomu upp á 578 m.kr. fyrir samstæðuna og hallinn í a-hluta er um 949 m.kr. Afkoman er lakari en fjárhagsáætlun með viðauka gerði ráð fyrir sem virðist aðallega skýrast af hærri fjármagnsgjöldum. Skuldaviðmið samstæðunnar hækkar úr 118% í um 137% milli ára.

Nefndin ákvað að skrifa Árborg bréf og óska eftir eftirfarandi upplýsingum:

- Uppfærða fjárhagsáætlun 2021
- Frekari skýringar á vaxtagjöldum
- Upplýsingar um gatnagerðagjöld og sölu byggingarréttar.
- Skuldbindingaryfirliti fyrir árið 2020.

- Uppfærður ársreikningur þar bætt er við Leigubústöðum Árborgar ses. í samstæðuna.

Í skýrslu endurskoðanda kemur fram greiddur hafi verið arður frá vatnsveitu Árborgar. Samkvæmt bréfi sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sendi þann 13. Nóvember 2019 til allra sveitarfélaga kemur fram að sveitarfélögum sé ekki heimilt að greiða sér arð úr rekstri vatnsveitna. Í skýrslu endurskoðanda segir jafnframt að hagsmunaaðilar séu ekki sammála ráðuneytinu vegna þessa.

Ákveðið var að nefndin myndi upplýsa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um að Árborg hafi greitt sér arð frá vatnsveitunni á árinu 2020.

5. **Reykjavíkurborg**  
Umræðu frestað til fundar nefndarinnar í ágúst.
6. **Önnur mál**  
Engin önnur mál